

67. kirkjuþing 2025-2026
35. mál - þskj. 35b
Frá 66. kirkjuþingi 2024-2025

Nefndarálit og breytingartillaga

við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings
nr. 8/2021-2022.

Frá löggjafarnefnd.
Flm. Stefán Magnússon.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um tillöguna.

Löggjafarnefnd þakkar þá miklu og góðu umræðu sem fram fór á kirkjuþingi í maí s.l. um framlagða skýrslu um kosti þess og galla að rýmka ákvæði starfsreglna um kosningarrétt við kjör til kirkjuþings og kosningu biskups. Miklar umræður fóru fram í nefndinni um lýðræði innan kirkjunnar og mikilvægi þess að kirkjan vinni að því í markvissum skrefum að auka almenna þátttöku í kosningum til kirkjuþings og biskupsembættisins.

Löggjafarnefnd tekur jafnframt undir þau varnaðarorð sem fram koma í ályktununum héraðsfunda og guðfræðinga sem fylgdu skýrslunni um að rétt sé að fara varlega í breytingar á kosningarréttinum. Það kemur í hlut kirkjuþingsfulltrúa á næsta kjörtímabili að taka afstöðu um næstu skref í lýðræðisátt innan þjóðkirkjunnar.

Nefndin telur ekki rétt að að opna fyrir kosningaréttinn að svo stöddu en fellst á þá breytingu um skipan kirkjuþings sem fram kemur í 1. gr. tillögunnar.

Löggjafarnefnd leggur til að málið á þskj. 35a verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

2. gr. tillögunnar orðast svo:

(2. gr. starfsreglnanna)

Kjördæmaskipan er eftirfarandi:

1. Reykjavíkurbíófastsdæmi vestra, 1. kjördæmi. Fimm fulltrúar og sex til vara, þar af einn vígður og tveir vígðir til vara.
2. Reykjavíkurbíófastsdæmi eystra, 2. kjördæmi. Fimm fulltrúar og sex til vara, þar af einn vígður og tveir vígðir til vara.
3. Kjalarnesbíófastsdæmi, 3. kjördæmi. Fimm fulltrúar og sex til vara, þar af einn vígður og tveir vígðir til vara.
4. Vesturlandsbíófastsdæmi, 4. kjördæmi. Tveir fulltrúar og fjórir til vara, þar af einn vígður og tveir vígðir til vara.
5. Vestfjarðabíófastsdæmi, 5. kjördæmi. Tveir fulltrúar og fjórir til vara, þar af einn vígður og tveir vígðir til vara

6. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi. 6. kjördæmi. Tveir fulltrúar og fjórir til vara, þar af einn vígður og tveir vígðir til vara.
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, 7. kjördæmi. Þrír fulltrúar og fjórir til vara, þar af einn vígðu og tveir vígðir til vara
8. Austurlandsprófastsdæmi 8. kjördæmi. Tveir fulltrúar og fjórir til vara, þar af einn vígður og tveir vígðir til vara
9. Suðurprófastsdæmi, 9. kjördæmi. Þrír fulltrúar og fjórir til vara, þar af einn vígður og tveir vígðir til vara.
- Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir kosnir til.

4. gr. tillögunnar orðast svo:

(4. gr. starfsreglnanna)

Kosningarrétt til kirkjuþings, sem leikmaður, á hver sá sem er aðal- og varamaður í sóknarnefndum.

Þá skulu hafa kosningarrétt allt að 15 fulltrúar úr hverju prestakalli í 1, 2. og 3. kjördæmi, kosnir á safnaðarfundum til viðbótar öðrum kjörfulltrúum, sbr. 1. mgr.

Kosningarrétt til kirkjuþings á hver sá sem vígslu hefur hlotið og er:

- þjónandi prestur eða djákni íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis og er í föstu og launuðu starfi sem slíkur, eða
- þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi.

Prestur og djákni í leyfi njóta kosningarréttar.

5. gr. tillögunnar breytist þannig að **5. gr. starfsreglnanna fellur ekki brott.**

6. gr. tillögunnar orðast svo:

(7. gr. starfsreglnanna)

Kjörgengur til kirkjuþings er:

- hver vígður maður sem á kosningarrétt skv. 4. gr.
- hver leikmaður sem hefur hlotið skírn í nafni heilagrar þrenningar, skráður er í íslensku þjóðkirkjuna og hefur náð 18 ára aldri.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. skal hafa óflekkað mannorð. Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.

Kjörgengisskilyrði skulu vera uppfyllt 1. apríl það ár sem kosning fer fram.

7. gr. tillögunnar orðast svo:

(8. gr. starfsreglnanna)

Kosningarréttur og kjörgengi samkvæmt 4. og 7. gr. er í því kjördæmi sem aðalstarfsstöð leikmanns og vígð þjóns er skráð. Sé aðalstarfsstöð erlendis telst hún tilheyra Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Miða skal við aðalstarfstöð leikmanns og vígðs þjóns þann 1. apríl á kosningaári.

Jóhanna Gísladóttir, Magnús Erlingsson og Kristrún Heimisdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Elínborg Sturludóttir sat hjá við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 29. september 2025.

Löggjafarnefnd.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Bryndís Malla Elíadóttir, form.

Konráð Gylfason, varaform.

Óskar Magnússon.

Stefán Magnússon.